

Nd. **523. Breytingartillaga** [206. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Á eftir 14. gr. B komi ný grein, 14. gr. C, svohljóðandi:

Nú deyr forsætisráðherra eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá utanríkisráðherra taka við embætti hans og gegna því til loka kjörtímabilsins.

Nú getur forsætisráðherra ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skal utanríkisráðherra þá fara með vald hans.